

## Félagsfundur 20.9.17 17:00

Jóhann formaður setti fundin og bauð gesti velkomna. Hann las upp fundarboðun og óskaði eftir athugasemdum við hana, engar athugasemdir komu og var fundurinn lýstur löglegur og ályktunarhæfur.

Jóhann bauð sig fram sem fundarstjóra, engar aðrar tillögur komu fram og var hann því sjálfkjörinn.

Eftir að hafa boðið upp kaffi og meðlæti bauð Jóhann Ólaf Sigurðsson, framkvæmdarstjóra Byrtu Lífeyrissjóðs, velkominn.

Ólafur fór stuttlega yfir sögu beggja lífeyrissjóðanna fram að sameiningu og síðan yfir stöðu, stefnu og heimasíðu nýs sjóðs.

Á meðan framsögu Ólafar bauðst félagsmönnum tækifæri á að bera upp spurningar og eftirfarnadi spurningar komu frá félagsmönnum.

Lendir sjóðurinn ekki í þversögn við sjálfan sig þegar verið er að ákveða vexti til sjóðsfélagalána og viðmiðunarávöxtun sjóðsins gangi út frá 3,5%ávöxtun hans.

Ólafur svaraði að það gæri komið upp erfiður vinkill en vísaði í stefnu stjórnar og þá sérstaklega eigendastefnuna.

Spurt var hvort lífeyrissjóðslán væru einungis verðtrygð. Svarið var að bæði er boðið upp á verðtryggt og óverðtryggt lán. Flestir sjóðsfélagar velja samt enþá verðtryggt lán.

Birta Lífeyrissjóður er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar, er það val eða er það skilda.

Það er val og lítur ákveðnum reglum. Það þarf að skila skýrslu um stöðu og fjárfestingar sjóðsins, Birta Lífeyrissjóður er eini lífeyrissjóðurinn á landinu sem er í þessari aðild um ábyrga fjárfestingarstefnu Sameinuðu þjóðanna, vonandi fara fleiri sjóðir í þá leið svaraði Ólafur.

Hefur sjóðurinn selt hlut í fyrirtækjum sem ekki fylgja stefnu sjóðsins.

Ólafur svaraði því til að sjóðurinn hefur ekki selt sig úr neinu fyrirtæki enn sem komið er en selt hluta af eignum sínum í slíku fyrirtæki og það ekki tekið tilmælum sjóðsins um ábendingar. Sjóðurinn vill frekar koma ábendingum á framfæri til að ná breytingum í gegn en að selja sig úr og leyfa óviðunandi ástandi að vara áfram. Sjóðurinn hefur hinsvegar hætt við að fjárfesta í fyrirtækjum sem ekki fylgja stefnu sjóðsins.

Í hlutfalli innlendra fjárfestingar eru 18% og í erlendum fjárfestingu 24%, heldur er þó að bætast í erlendar fjárfestingar. Spurt var út í laun framkvæmdarstjóra sem eru um 1.600 þús á mánuði. Svarið var að sjóðurinn fylgir launum á fjármálamarkaði.

Framkvæmdarstjóri þessa sjóðs er töluvert lægri en hjá öðrum sambærilegum sjóðum. Sjóðurinn er 4 stærsti sjóður landsins.

Spurt var hvor meðallaun sjóðsfélaga hafi verið könnuð.

Ólafur jánkaði því og niðurstöðurnar verður að byrta í heild sinni. Ekki er í lagi að hluta það niður á stéttir eða landshluta. Þegar hann var hjá Stöfum lífeyrissjóði þá voru meðallauninn um 650 þúsund krónur hjá félagsmönnum þess sjóðs

Ólafur fór þvínæst yfir reiknivél fyrir lífeyri á heimasíðu Byrtu og hvernig menn gætu skoðað sínar niðurstöður eftir vali enn eigi þó eftir að setja inn reiknivél gagnvart almannatryggingum og líklegt að það komi innan tíðar.

Spurt var hvort ætti að borga í tilgreinda séreign til síns lífeyrissjóðs eða í einhvern annan séreignarsjóð.

Ólafur fór yfir það að upphaflega hafi þetta verið í kjarasamningi um að greiða þetta í tilgreinda séreign hjá lífeyrissjóði félagsmanna eða setja þetta í almenna hækkun sem er skynsamlegra hjá þeim sem yngri eru og að sjóðnum sé skylt að innheimta þetta. Nú hefði fjármálaeftirlitið hinsvegar gert athugasemd um þá framkvæmd en það sé alltaf sjóðsfélagans að ákveða hvort hann setji hækkunina í tilgreinda séreign hjá lífeyrissjóðnum sínum eða í almenna hækkun lífeyrisgreiðslna. Það verður þó þannig að menn geta breytt ákvörðun sinni á tímabilinu hvenær sem er. Ólafur segir að það sé verið að vinna í að kanna lögmæti þess og kjarasamningsins á næstunni og á meðan sé ákveðin biðstaða. Ef þetta eigi að vera þannig að lífeyrissjóðurinn innheimti þetta og félagsmenn ætla að setja þetta í annan sjóð þá er lífeyrissjóðurinn orðinn að inheimtukerfi fyrir aðrar fjármálastofnanir án þess að fá fyrir það kostnað sem gangi ekki. Þetta hljóti að skýrast á næstu vikum, mánuðum og á meðan er þetta hjá sjóðnum.

Tilgreing séreign er ekki tekjutengd hjá tryggingarstofu ennþá en verður það mögulega í framtíðinni. Rafræn skjöl fyrir tilgreinda séreign á heimasíðu Byrtu er hægt að undirrita með rafrænum skilríkum. Ef einstæklingur er ekki með rafræn skilríki þá verðir hann að skila inn á blaði til sjóðsins sem hægt er að prenta út af heimasíðunni.

Spurt var hvor ekki eigi að vera hægt að flytja til séreignarsparnað

Jú það á að vera hægt en stoppar stundum á tryggingar klausu sem frjármálastofnanir setja inn í samninga sína. Spurt var um hlutfall rekstrarkostnaður sjóðsing og er hann um 0,22% af veltu eða um 700 miljónir á ári.

Formaður félagsins þakkaði Ólafi fyrir greinagóða yfirferð og svörun um störf sjóðsins og þvínæst var farið í liðinn önnur mál, í þeim dagskrárlið var eitt af hendi stjórnar, en það var að afhenda formlega samkvæmt reglugerð um heiðursfélaga skjal um heiðursveitingu og skjöld á fyrsta félagsfundi eftir viðkomandi aðalfund og viðkomandi getur veitt móttöku hafi hann ekki átt þess kost á aðalfundi félagsins. Einn félagsmaður var sem ekki hafði átt þess kost og var Hákon Hákonarsyni afhent heiðursskjal sem heiðursfélagi og skjöldur ásamt blómum honum til heiður sem heiðursfélagi í Félagi málmiðnaðarmanna Akureyri.

Fundi slitið 18:46